

Verklagsregla um fósturvísagreiningar og tæknifrjóvgunar-meðferðir tengdar þeim

Um greiðsluþáttöku í meðferð sem ekki er í boði á Íslandi

Samkvæmt 23. gr. laga um sjúkratryggingar greiða Sjúkratryggingar fyrir meðferð erlendis, ef meðferðin er ekki í boði á Íslandi, meðferðin er alþjóðlega viðurkennd og brýn nauðsyn er á að fá hana framkvæmda. Sækja þarf um greiðsluþáttöku til Sjúkratrygginga. Sérstakur ráðgjafahópur lækna veitir ráðgjöf við ákvörðun um hvort greiðsluþátttaka sé veitt.

Skilyrði fyrir greiðsluþáttöku í fósturvísagreiningu erlendis

Fósturvísagreining er ekki framkvæmd á Íslandi. Sækja þarf um greiðsluþáttöku í meðferð erlendis til Sjúkratrygginga og er læknisvottorð áskilið. Umsóknin verður í öllum tilvikum að berast áður en meðferð hefst.

Við ákvörðun um það hvort greiðsluþátttaka sé samþykkt þarf að meta hvort brýn nauðsyn sé á rannsókninni. Við það mat er meðal annars horft til eftirfarandi þátta:

- Hvort umtalsverðar líkur séu á því að alvarlegur sjúkdómur komi fram hjá fósturi vegna genabreytingar/litningagalla. Meðal annars er horft til framkvæmdar í Bretlandi¹ og Svíþjóð.
- Almenn er greiðsluþátttaka ekki samþykkt ef um er að ræða sjúkdóm sem gæti komið fram á fullorðinsaldri, t.d. BRCA stökkbreytingu.
- Hvort búið sé að reyna fósturvísagreiningu í mörg skipti án árangurs. Við mat á því hvort meðferð teljist brýn nauðsyn er haft til hliðsjónar hvort líklegt sé að hún beri árangur. Ef búið er að reyna fósturvísagreiningu í nokkur skipti án þess að heilbrigður fósturvísir fáiast, dvína líkur á að það takist.
- Almenn greiðsluþátttaka í frjósemismeðferðum á Íslandi takmarkast við fjögur skipti og er almennt miðað við að fósturvísagreining sé ekki reynd oftar án árangurs, nema sérstök læknisfræðileg rök mæli með því.

Ef greiðsluþátttaka er samþykkt greiða Sjúkratryggingar allan kostnað við fósturvísagreininguna sjálfa. Sjúkrahús erlendis getur sent Sjúkratryggingum reikning fyrir þeim hluta meðferðarinnar.

Allar rannsóknir, sem erlendi meðferðaraðilinn telur nauðsynlegt að gera áður en sjálf fósturvísagreiningin fer fram, skulu gerðar á Íslandi ef hægt er að framkvæma þær hér á landi. Ef slíkar rannsóknir eru samt sem áður gerðar erlendis má búast við því að Sjúkratryggingar greiði þær ekki að fullu, heldur verði greiðsluþátttaka hin sama og ef rannsóknin hefði verið gerð á Íslandi. Ef slíkar rannsóknir lengja ferðatíma erlendis verða dagpeningar ekki greiddir fyrir alla daga ferðarinnar. Ef farið er erlendis eingöngu vegna rannsókna sem hægt er að framkvæma hér á landi eða þær ekki í boði hér á landi er ferðakostnaður og upphald ekki greitt vegna þeirrar ferðar.

¹PGT-M conditions. Human Fertilisation and Embryology Authority.

Greiðsluþátttaka í IVF meðferð sem fylgir fósturvísagreiningu

Greitt er fyrir IVF meðferðina sem fylgir fósturvísagreiningu á sama hátt og fyrir tæknifrjógunarmeðferð sem fram fer hér á landi.²

Upplýsingar um greiðsluþátttöku í meðferð sem fer fram hér á landi má finna í 3. gr. reglugerðar nr. 1239/2018.³ Þannig er endurgreiðsla í fyrstu meðferð 5%, en 65% í annari til fjórðu meðferð. Engin greiðsluþátttaka er í meðferðum eftir það.

Upphæð sem heimilt er að endurgreiða miðar við gjaldskrá Sjúkratrygginga.⁴ Í nágildandi gjaldskrá kemur fram að endurgreiðsla fyrir heila meðferð reiknist út frá verðinu 480.000 kr. Sé greiðsluþátttaka í meðferð 65% (um er að ræða aðra til fjórðu meðferð) er hámarksendurgreiðsla því 312.000 kr.

Ef gjald fyrir meðferðina erlendis er hærra en hér á landi greiða Sjúkratryggingar mismuninn. Þó er að hámarki miðað við að meðferðin kosti 950.000 kr.⁵

Dæmi um útreikning:

IVF meðferð eftir fósturvísagreiningu erlendis kostar 950.000 kr. eða meira, en á Íslandi miðar endurgreiðsla við verðið 480.000 kr. Ef um er að ræða meðferð með 65% endurgreiðslu endurgreiða Sjúkratryggingar 312.000 kr. en sjúklingur það sem eftir stendur.

Auk þess greiða Sjúkratryggingar þó mismuninn á kr. 590.000, sem er verð hjá þjónustuveitanda á Íslandi, og verðs erlendis þó með hámarkinu 950.000 (950.000-590.000 = 360.000 kr.).

Hámarks möguleg endurgreiðsla væri þannig 312.000 + 360.000 (þ.e. 950.000-590.000) = **672.000 kr.**

Í framkvæmd þurfa sjúkratryggðir í flestum tilvikum að greiða fyrir IVF meðferð í kjölfar fósturvísagreiningar og óska síðan eftir endurgreiðslu frá Sjúkratryggingum.

Hvað er innifalið í heilli IVF meðferð

Í 1. gr. reglugerðar nr. 1239/2018 kemur fram hvað felst í einni meðferð. Segir þar að tækifrjógun hefjist með því að kynfrumum, eggj eða sæði, er safnað. Kynfrumur eru ýmist frystar eða egg frjógvað og tilbúnir fósturvísar frystir eða settir upp. Hverri meðferð lýkur með einni uppsetningu fósturvísar eða fósturvísa, óháð því hve margir fósturvísar kunna að hafa orðið til í ferlinu.

² Þetta byggir á 11. gr. reglugerðar nr. 712/2010 um brýna meðferð erlendis, en þar kemur fram að sjúkratryggðir skuli greiða fyrir tæknifrjógunarmeðferð eftir sömu reglum og ef meðferðin hefði farið fram á Íslandi. Um greiðsluþátttöku í tæknifrjógunarmeðferð á Íslandi gildir reglugerð nr. 1239/2018 með síðari breytingum.

³ [1239/2018 – Reglugerð um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tæknifrjógvanir sem veittar eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands. \(island.is\).](#)

⁴ [stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=9a83d5bd-e7b2-4332-87bc-e025a02297d9.](#)

⁵ Miðað er við kostnað á Karolinska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi, þar sem Sjúkratryggingar hafa gert samning um fósturvísagreiningar.

Ef enginn nothæfur fósturvísir fæst eða ef ákveðið er að frysta fósturvísa og hefja eggheimtu þegar á ný, í stað þess að setja upp fósturvísi, telst meðferð einnig lokið. Ný meðferð hefst þá með undirbúningi nýrrar eggheimtu og þarf okkur að berast ný umsókn.

Greiðsla ferðakostnaðar og dagpeninga vegna fósturvísagreiningar

Sjúkratryggingar greiða því foreldri sem gengur með barn fargjald og dagpeninga til og með þess dags sem uppsetning fósturvísis er gerð (ef til er fósturvísir af nægum gæðum til uppsetningar). Inni í þessum tíma getur verið undirbúningstími sem þjónustuveitandi erlendis metur nauðsynlegan. Fari undirbúningstími fram í sér ferð greiða Sjúkratryggingar ekki ferðakostnað né upphald vegna þeirrar ferðar þar sem hægt er að framkvæma undirbúning hér á landi. Dagpeningar eru einnig greiddir fyrir heimferðardag.

Ferðakostnaður foreldris sem ekki gengur með barn er aðeins greiddur ef um er að ræða kynfrumugjafa. Það er vegna þess að viðvera hans er nauðsynleg svo fósturvísir geti orðið til. Ef gjafakynfrumur eru notaðar er Sjúkratryggingum ekki heimilt að taka þátt í ferðakostnaði maka.

Misjafnt getur verið hversu langur meðferðartími er nauðsynlegur erlendis vegna fósturvísagreiningar og uppsetningar fósturvísis. Sjúkratryggingar meta fyrir hversu marga daga dagpeningar eru greiddir hverju sinni. Ef meðferðartími fyrir uppsetningu fósturvísis er óvenjulega langur verður dagpeningagreiðsla miðuð við þann fjölda daga sem miðað er við hjá Karolinska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi, sem Sjúkratryggingar hafa gert samning við.

Geymslugjald

Ef til verða fósturvísar sem hægt er að frysta að lokinni fósturvísarannsókn og IVF meðferð þá greiða Sjúkratryggingar **ekki** fyrir geymslu slíkra fósturvísa erlendis, nema geymslugjaldið sé hærra en samkvæmt gjaldskrá Sjúkratrygginga um slíkt gjald hér á landi. Ef svo er þá er greiddur mismunur. Þetta er í samræmi við innlenda reglugerð þar sem geymslugjald fyrir frysta fósturvísa er almennt ekki greitt.

Að hámarki er miðað við að geymslugjald sé 105.000 kr. á ári⁶ og er þá að hámarki endurgreiddur mismunur á þeirri upphæð og 25.000. kr., samanber gjaldskrá Sjúkratrygginga.⁷

Í framkvæmd þurfa sjúkratryggðir að leggja út fyrir kostnaðinum og fá síðan endurgreiðslu frá Sjúkratryggingum.

Uppsetning frýstra fósturvísa sem fást eftir fósturvísagreiningu

⁶ Miðað er við kostnað á Karolinska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi, þar sem Sjúkratryggingar hafa gert samning um fósturvísagreiningar.

⁷ stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=9a83d5bd-e7b2-4332-87bc-e025a02297d9.

Þegar kemur að uppsetningu frystra fósturvísa (umfram þá sem gerð er strax í kjölfar fósturvísagreiningar) er **ekki** greiðsluþátttaka samkvæmt innlendri reglugerð og sama gildir því um slíka meðferð erlendis. Ef uppsetning á frystum fósturvísi er kostnaðarsamari erlendis en samkvæmt gjaldskrá Sjúkratrygginga, greiða Sjúkratryggingar þó mismuninn.

Að hámarki er miðað við að meðferðin kosti 260.000 kr.⁸ og er þá að hámarki endurgreiddur mismunur á þeirri upphæð og 202.000 kr., samanber gjaldskrá Sjúkratrygginga.⁹

Í framkvæmd þurfa sjúkratryggðir að leggja út fyrir kostnaðinum og fá síðan endurgreiðslu frá Sjúkratryggingum.

Ferðakostnaður og dagpeningar, vegna uppsetningar á frystum fósturvísi, eru greiddir fyrir foreldri sem mun ganga með barnið. Ekki er greiddur ferðakostnaður fyrir maka, þar sem slík heimild byggir á læknisfræðilegri nauðsyn.

⁸ Miðað er við kostnað á Karolinska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi, þar sem Sjúkratryggingar hafa gert samning um fósturvísagreiningar.

⁹ stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=9a83d5bd-e7b2-4332-87bc-e025a02297d9.